

metin eptir öllum málavöxtum 8 mánaða betrunarhússvinnu. Svo ber honum og að greiða allan löglegan kostnað af málinu, þar á meðal málsvarnarlaun til svaramanns síns í hjeraði 4 krónur, og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10kr. til hvors í málsfærslulaun.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn ákærði Halldór Sigurðsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, og borga allan löglegan kostnað af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeraði, Jónatans Salómonssonar, 4 krónur, og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum

Nr. 6/1876: Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson
 gegn
 hreppsnefndinni í Álptaneshreppi.

D ó m u r.

Mál þetta er risið út af ágreiningi milli Seltjarnarneshrepps og Álptaneshrepps um eignarrjettinn til 3 ómerkinga, sem að komu í síðari Gjáarjett 28. september 1874, og sem engin ær helgaði sjer. Af því Gjáarjett er sameiginleg rjett Seltjarnarneshrepps og Álptaneshrepp, fór hreppstjórinn í Seltjarnarneshrepp, Ingjaldur Sigurðsson á Lambastöðum, því fram, að ómerkingarnir væru sameiginleg eign beggja hreppa, og skoraði á hreppstjóran í Álptaneshrepp, Guðmund Eyjólfsson í Hlíð, að selja ómerkingana þá þegar eða þá að hálfum mánuði liðnum og skipta andvirðinu til

helminga milli fátækra sjóða beggja hreppa; en þegar Guðmundur hreppstjóri, sem áleit sinn hrepp einan eiganda að ómerkingunum samkvæmt gjafabryjfi rjettarbondans, Þórarins prófests Böðvarssonar í Görðum, ekki vildi sinna þessari áskorun, seldi Íngjaldur hreppstjóri ómerkingana á uppboði þá í stað við rjettina. Út af þessu höfðaði hreppstjórinn í Álptaneshreppi mál á móti Íngjaldi hreppstjóra, og fjell dómur í því máli fyrir aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 4. ágústmán. f. á. á þá leið, að Íngjaldur hreppstjóri Sigurðsson ætti að greiða Guðmundi hreppstjóra Eyjólfsyni fyrir hönd Álptaneshrepps andvirði hinna seldu ómerkinga með 30 krónum, en að öðru leyti vera sýkn af kröfum hans og kærum, og að málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur Íngjaldur hreppstjóri Sigurðsson að fenginni uppreisn og gjafsókn, áfrýjað vegna Seltjarnarneshrepps til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 21. febrúarmán. þ. á., og hefur hann lagt fram hjer fyrir rjettinum skilríki fyrir því, að salan á einum af ómerkingunum hafi gengið aptur, af því að ær helgaði sjer hann, en að hinir tveir hafi verið seldir á uppboðinu fyrir 9 kr. 66 a. Hefur hann því krafizt: principaliter, að hann verði álitinn löglega kominn að helmingi uppboðsandvirðisins fyrir hina seldu ómerkinga, og sjer dæmdur málskostnaður frá stefnda; in subsidium, að hann verði dæmdur til að svara hinum stefnda að eins 9 kr. 66 a., en málskostnaður látinn falla niður. Hinn stefndi, sem einnig hefur fengið gjafsókn, hefur aptur á móti krafizt, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða sveitarsjóði Álptaneshrepps andvirði tveggja af hinum seldu ómerkingum með 9 kr. 66 a., og til að borga málskostnað.

Samkvæmt Jb. Llb. 49. kap. eignast bóndi sá, er rjettina varðveitir, að síðustu rjett alla þá dilka, sem

ær kannast eigi við, og samkvæmt þessari lagagrein hefur beneficiarius að Görðum, einlægt síðan Gjárjett var byggð, kastað eign sinni á alla ómerkinga þá, sem þar hafa komið að, þangað til beneficiarius sá, sem nú er þar, gaf Álptaneshreppi rjett sinn til þessara ómerkinga. Áfrýjandinn hefur nú haldið því fram, sumpart að beneficiarius að Görðum verði ekki skoðaður sem bóndi sá, sem varðveitir Gjárjett, sumpart, að fyrirmælum 49. kap. í Jb. Llb. sje breytt með NL. 5—9—8, hreppstjórainstrúxi 24. nóvbr. 1809, 28. grein, og reglugjörð 8. janúar 1834, 14. gr. 7. tölulið, með því að fátækra sjóðirnir eptir þessum lagagreinum eignist sauði þá og gripi, sem enginn lýsir sig eiganda að um fjallgöngur á haustin, og hefur hann einnig borið fyrir sig stíptamtsbrjef 11. desember 1872, þar sem þessari skoðun er haldið fram. Aptur á móti hefur hinn stefndi álitid, að fyrirmæli 49. kap. í Llb. Jb. um ómerkinga standi óhöggud af lagagreinum þeim, sem nú voru nefndar, og að beneficiarius að Görðum sjesá, sem að lögum sje rjettur eigandi að öllum ómerkingum, sem koma í Gjárjett, og hafi því haft fulla heimild til að gefa Álptaneshreppi þennan rjett sinn.

Í landsleigubálki Jónsbókar virðist vera gjörður greinarmunur: annars vegar á dilkum þeim, sem engin ær kannast við, og öðrum ómerkingum, og er í 49. kapitjeds bálks mælt fyrir um, hver þá skuli eignast, og hins vegar óskilafje, eða mörkuðum sauðkindum, sem enginn leiðir sig að sem eigandi, og segir í 50. kap. sama bálks, hvernig með þá skuli fara, en það er allt á annan veg en með ómerkinga, því þar sem rjettar-bóndi eða finnandi eignast ómerkingana strax, þegar engin ær kannast við þá og rjettum er lokið, þá á að lýsa óskilafjenu með marki fyrst við sóknarkirkjur eða samkundur, og síðan, ef eigandi eigi kemur, 3 sumur

hin næstu á þingi. Þessi greinarmunur, sem Jónsbók gjörir á ómerkingum og óskilafje, er að áliti yfirdóms-
ins ekki af numinn með 18. kap. hreppstjórainstrúxins
og 14. gr. fátækrareglugjörðarinnar, heldur virðast þessar
lagagreinar að eins hafa breytt fyrirmælum Jónsbókar
um meðferð á óskilafje, en látið ákvarðanir hennar um
ómerkinga standa óhaggaðar, því lýsing sú á fjenu, sem
bæði instrúxið og reglugjörðin skipa fyrir um, gjörir
beinlínis ráð fyrir, að það sje markað, en getur alls
eigi átt við um ómerkinga. Fyrirmæli Jónsbókar um
ómerkinga og um óskilafje standa heldur ekki í því sam-
bandi sín á milli, að þau hljóti að standa og falla hver
með öðrum, því þó löggjafanum þætti ákvarðanirnar um
meðferðina á óskilafje of margbrotnar og óhaganlegar,
þá þurfti ekki hið sama að vera um ákvarðanirnar um
ómerkinga, sem eru mjög einfaldar og virðast geta átt
við á öllum tímum; eins og það loks ekki verður álitíð,
að rjettarbændur og finnendur ómerkinga sjeu sviptir
rjetti þeim, sem Jónsbókin veitti þeim til að eignast
ómerkingana, nema slíkt sje berlega sagt í seinni laga-
boðum. Yfirdómurinn verður þannig að aðhyllast þá
skoðun undirdómarans, að sá, sem rjett varðveitir, enn
í dag eignist ómerkinga þá, sem þar koma að í síðustu
rjett, og engin ær kannast við, og eins hlýtur yfirdóm-
urinn að vera á sama máli og undirdómarinn um það,
að orðin: »sá, sem rjett varðveitir», eigi að skiljast um
rjettarbóndann, eða bónda þann, er hefur afnot þess
lands, þar sem rjettin stendur, án þess að það geti
komið til greina, hvort hann hefur umsjón með rjett-
inni eða eigi, og hvort hann hefur meiri eða minni usla
og átroðning af rjettunum.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, og þar sem
það er in confesso, að Gjáarrjett stendur í Garðakirkju
landi, en beneficiarius sá, sem nú er þar, hefur gefið

Álptaneshreppi rjett sinn til þeirra ómerkinga, sem að koma í rjettinni, þá ber áfrýjandanum að skila Álptaneshreppi andvirðinu, sem málsþörtunum hefur komið saman um að væri 9 kr. 66 a., fyrir ómerkinga þá, sem hann seldi í optnefndri rjett 28. septbr. 1874. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður. Málsfærslulaun hinna skipuðu málsfærslumanna málspartanna, sem virðast hæfilega ákveðin 20 krónur handa hvorum, borgist úr opinberum sjóði.

Flutningur málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmætur.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Áfrýjandanum, Ingjalði hreppstjóra Sigurðssyni á Lambastöðum, ber að greiða hinum stefnda, hreppnefndinni í Álptaneshreppi vegna sveitarsjóðsins 9 kr. 66 a. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Málsfærslulaun hinna skipuðu talsmanna málspartanna, organista P. Guðjohnsens og málflutningsmanns Páls Melsteðs, 20 krónur til hvors, borgist þeim úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. júnímán.

Nr. 13/1876:

Rjettvísinn

gegn

Guðlaugi Jónssyni, Ingibjörgu Andrjesdóttur og Margrjetu Vigfúsdóttur.

D ó m u r.

Mál þetta er svo tilkomið, að hin ákærða Margrjet Vigfúsdóttir, sem komin er á lögaldur sakamanna, og